

## Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2022, miðvikudaginn 23. febrúar var haldinn 23. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 16.01. Eftirtaldir fulltrúar íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Stefanía Sigurðardóttir, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Björn Ingi Björnsson, Gísli Valdórsson og Rut Vilhjálmsdóttir. Fundinn sat einnig Eiríkur Búi Halldórsson sem ritaði fundargerð og Trausti Jónsson og Ingibjörg Þ Sigurþórsdóttir sem sátu fundinn með fjarfundarbúnaði.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á leikskólamállum í hverfinu.  
Skúli Helgason og Ólafur Brynjar Bjarkason taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
2. Fram fer umræða um hugmyndir um uppbyggingu á verslunarhúsnæði við Bauhaus.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. febrúar 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Guðríðarstíg
4. Lagt fram fundadagatal Grafarholts og Úlfarsárdals.  
Samþykkt
5. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 16. febrúar vegna draga að endurskoðaðri þjónustustefnu Reykjavíkurborgar ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt að fela formanni í samvinnu við ráðið að skila umsögn fyrir tilskilinn frest.
6. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

### Fundi slitið kl. 17:02

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir  
Rut Vilhjálmsdóttir

Stefanía Sigurðardóttir

Björn Ingi Björnsson  
Gísli Valdórsson